

**235. fundur íþróttá- og tómsfundanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn 5.  
október 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir formaður, Jónína Eyja Þórðardóttir varaformaður, Wojciech Wielgosz aðalmaður, Þorleifur Hallbjörn Ingólfsson aðalmaður og Þráinn Ágúst Arnaldsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs.

Dagný Finnbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri HSV, situr fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Dagskrá:**

Heiðar Birnir Torleifsson, yfirþjálfari íþróttaskóla HSV, sat fundinn undir þessum lið.

**1. Erindi frá HSV 2022 - 2022090137**

Dagný Finnbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri HSV, og Heiðar Birnir Torleifsson, yfirþjálfari íþróttaskóla HSV, kynna fyrir nefndarfólki sýn HSV á framtíð íþróttastarfs í Ísafjarðarbæ.

*Íþróttá- og tómsfundanefnd þakkar fulltrúum HSV fyrir góða kynningu.*

**2. Þarfagreining aðildarfélaga HSV og bæjarstjórnar fyrir árin 2022-2027 (uppbyggingaráætlun) - 2021080069**

Lögð fram þarfagreining aðildarfélaga HSV og bæjarstjórnar ásamt minnisblaði Hafðísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómsfundasviðs, dags. 28. september 2022 varðandi uppbyggingarsamninga Ísafjarðarbæjar.

*Íþróttá- og tómsfundanefnd felur starfsmanni nefndarinnar að auglýsa eftir umsóknum frá aðildarfélögum HSV um uppbyggingarsamninga fyrir árið 2023 með þeim breytingum sem nefndin kallar eftir.*

**3. Endurskoðun íþróttá- og tómsfundastefnu haust 2016 - 2016110023**

Lögð fram til kynningar núgildandi íþróttá- og tómsfundastefna Ísafjarðarbæjar.

*Íþróttá- og tómsfundanefnd felur starfsmanni nefndarinnar að gera breytingar á íþróttá- og tómsfundastefnu Ísafjarðarbæjar og leggja fyrir nefndina að nýju á næsta fundi.*

**4. Endurskoðun fyrirkomulags Vinnuskólans í Ísafjarðarbæ - 2022090138**

Lagt fram minnisblað Hafðísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómsfundasviðs, þar sem lagt er til að farið verði í heildarendurskoðun á

fyrirkomulagi Vinnuskólans.

*Íþróttá- og tómslundanefnd felur starfsmanni nefndarinnar að kalla eftir hugmyndum grunnskólanema á unglíngastígi í Ísaffjarðarbæ um fyrirkomulag vinnuskólans.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45**

---

Hrafnhildur Hrönn Óðínsdóttir

---

Jónína Eyja Þórðardóttir

---

Wojciech Wielgosz

---

Þorleifur Hallbjörn Ingólfsson

---

Þráinn Ágúst Arnaldsson

---

Hafdís Gunnarsdóttir